

Kæru félagskonur í FKA

Ég býð mig fram til stjórnarsetu í FKA

Ég er ein af stofnfélögum FKA og hef tekið þátt í félagsstarfinu frá upphafi, mismikið þó.

Mér hefur alltaf þótt vænt um þennan félagsskap og tel mjög brýnt að halda áfram því góða starfi sem þar fer fram. Við þurfum á félagsskap sem þessum að halda því enn eru konur ekki jafnvígar körlum á vinnumarkaði, enn sitja mun færri konur í stjórnnum fyrirtækja o.s.frv. Við höfum verk að vinna og ég tel að FKA hafi sívaxandi hlutverki að gegna við að efla konur á vinnumarkaði, stuðla að aukinni þátttöku þeirra í stjórnámálum, fjölmiðlum og samfélaginu almennt, og vera áfram hið hvetjandi afl og bakland sem er konum svo mikilvægt, að ónefndu fjörugu félagslífinu. Efling tengslanetsins og aukinn sýnileiki kvenna innan FKA eru verkefni sem aldrei lýkur. Enn eru ótalmargar konur og kvennafyrirtæki hér á landi sem eiga eftir að uppgötva FKA, við þurfum að ná til þeirra.



Nokkur orð um bakgrunn minn:

Menntun: BA-próf í frönsku og dönsku frá HÍ, BA-próf í félagsvísindum frá University of Kingston, uppeldis- og kennslufræði frá HÍ. Ýmis námskeið í tíma- og verkefnastjórnun, Mind Manager o.fl.

Starfsferill: Ég hef starfað sem leiðsögumaður á Íslandi, unnið hjá Upplýsingamiðstöð ferðamála, var upplýsinga- og kynningafulltrúi hjá Ferðamálaráði Íslands, markaðs- og kynningafulltrúi Ferðamálaráðs Vestnorden (samstarfsvettvangur Íslands, Færeyja og Grænlands á sviði ferðamála), kenndi félagsfræði í Fjölbrot í Breiðholti og samskipti og félagsfræði hjá Iðntækni stofnun (nú Nýsköpunarmiðstöð). Stofnaði og rak ferðaskrifstofuna Gestamóttökuna ehf í 20 ár, frá 1996–2016.

Alm. upplýsingar: Ég hef mikinn áhuga á félagsmálum og fólki almennt, er forvitin og nýjungagjörn, vinnusöm, skipulögð og samviskusöm (eins og flestallar konur!) og nýt þess að takast á við ný og krefjandi viðfangsefni.

Ég hef mikla hreyfipörf, sit í stjórn Trimmklúbbs Seltjarnarness, TKS, og hleyp og sprikla með þeim ágæta félagskap frá fjöru til fjalla, auk þess sem ég hef mjög gaman af að ferðast og kynnast öðrum menningarheimum.

Ég stíg fram núna þar sem ég hef látið af störfum í fyrirtæki mínu, Gestamóttökunni – Your Host in Iceland, og sameinað það ráðstefnu- og hvataferðafyrirtækinu CP Reykjavík. Eftir 20 ára þrotlausa og skemmtilega vinnu við ráðstefnuhald og almenna ferðapjónustu hef ég nú tíma til að beita kröftum mínum og reynslu á nýjum vettvangi, og er sannarlega tilbúin til að leggja mitt af mörkum í þágu FKA.

Kær kveðja,

Inga Sólnes